KVENNABLAÐIÐ

1915

TUTTUGASTI OG FYRSTI ÁRGANGUR

ÚTGEFANDI OG RITSTJÓRI:

BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1915

EFNI.

Asquith lætur undan, 93.

Ávarp kvenna til Alþingis, 42.
Ávarp til íslenzkra kvenna, 49.
Ávarp til konungs og drotningar, 42.

Bréf frá ungverskri konu, 13.
Bækur, 5.

Danmörk lærir stjórnvizku af Íslandi, 22.
Dálítil aukaatvinna. Saga, 5.

Eitt af vandamálum ófriðarins, 51.
England, 85.
Erlendar konur hervæðast. II, 8.
Erlendar konur hervæðast. III, 13.

Framtíðarmál íslenzkra kvenna, 53.
Framtíðarmál vor, 82.
Frá Frakklandi. (Þýtt af L. V.), 37.
Frá Ungverjalandi, 23.
Friðaráskorun Ameríkskra kvenna, 29.
Friðarsendinefndin frá Haag, 74.
Fullrétti kvenna, 68.
Fullrétti kvenna. — Kvæði eftir Matthías Jochumsson, 57.
Fyrirlestrar Kvenréttindafélagsins, 36.

Geislabrot utan úr dimmunni, 24, 67, 86.
Gullfoss kominn! 18.

Heillaóskir, 59.
Húsfreyjur og mæður Norðurálfu, 27.
Hvað á nú að gera? 9.
Hvað geta konurnar gert fyrir landbúnaðinn? Eftir Jónu Kristjánsdóttir, 35.

Island erlendis, 59.

Kenning. Saga, 38, 61, 70, 75.
Keir Hardie, 89.
Konurnar koma með, 11.
Konurnar og nýja stjórnarskráin, 52.
Konurnar og stríðið. — Fyrirlestur eftir Ingu Láru Lárusdóttir, 19.
Kvennafriðarþingið í Haag:
- Almennur vopnaburður lagður niður, 34.
- Alþjóðasambandslög, 34.
- Atkvæði kvenna við friðarsamningana, 34.
- Friðarumleitanir, 34.
- Konurnar og stríðin, 34.
- Sendinefndir til landsstjórnanna, 34.

Ljóð í óbundnu máli. Eftir Tagori. (Þýtt hefir L. V.), 18.

Myndasafnið mitt. Kvæði eftir I. B., 61.

Noregur, 23, 91.
Ný barnalöggjöf, 23.
Nýtt kvenfélag, 2.

Ófriðarsmælki, 50.

Plönturækt til híbýlaprýði. Eftir Guðm. Hjaltason, 51.
Pólitísku horfurnar, 58.

Raddir ofan úr sveitum, 83.

Samhygðarkveðja finskra kvenna, 75.
Siðferðislögmál stríðsins, 69.
Smágeislar utan úr dimmunni, 15.
Stefnuskrá kvenréttindafélags Íslands, 65.
Sjónleikar, 3.
Stórmerk kona látin, 14.
Stjórnarskráin samþykt, 41.
Systurnar. Kvæði eftir Ólöfu, 19.

Til íslenzkra kvenna, 1.
Til dr. Gertrud Bäumer, 7.
Til kvenna í Ameríku, 30.
Til útlendra kvenna, 6.
Til Önnu Pétursson. Kvæði eftir Guðm. Guðmundsson, 12.

Vænlegar stjórnmálahorfur, 26.

Það, sem er gott að vita, 16.
Þegnskylduvinna kvenna, 83.

Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) 1/2 verðsins borgist fyrfram, en 1/2 fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

21. ár. | Reykjavík, 26. janúar 1915. | № 1.

Til íslenzkra kvenna.

Nú þegar Kvennablaðið byrjar sinn 21. árgang, viljum vér litast lítið eitt um og sjá hverjar horfur eru á högum vorum. Ýmislegt hefir breytzt á þessum 20 árum, sem það hefir gengið milli vor allra. Margt hefir breytzt til hins betra, og ýmsar lagabætur fengist, sem áður hefðu þótt lítt hugsanlegar.

Þetta getum vér ekki látið vera að þakka því að miklu leyti að konurnar hafa fengið sér málgagn, sem talar þeirra máli og stendur á verði fyrir réttindum þeirra. En — þótt það hafi gert gagn á ýmsan hátt, þá hefir það ekki verið fullnægjandi. Íslenzku konurnar hafa ekki komið alment fram sjálfar. Þær hafa staðið bak við aðra, sem ekki hafa ætíð getað skoðað hvert mál frá þeirra allra sjónarmiði. Skoðanirnar hafa því ekki getað skýrst nægilega. Engar *umræður* um mál hafa getað átt sér stað í blaðinu, því dauðaþögn hefir ríkt yfir þeim flestum.

Ef þér íslenzku konur, viljið eiga nokkurn framtíðarþroska fyrir hendi, þá má þetta ekki lengur svo til ganga. Þér verðið að eignast áhugamál, og þér verðið að ræða þau opinberlega. Hvergi getið þér haft betra tækifæri til þess en í yðar eigin blaði. Kvennablaðið hefir nú slitið barnaskónum. Það ætti að vera komið á þroskaaldurinn. En þess þroski er í yðar eigin höndum. Útbreiðslu þess og áliti getið þér ráðið.

Ef þér því eigið nokkur áhugamál, sem yður er ant um að fá komið í framkvæmd, þá ræðið þau í Kvennablaðinu. Styrkið það, til þess að verða öflugur málsvari okkar allra. En þá þarf það að geta náð til sem flestra. Út á hvert andnes, og inn í hvern afdalsbotn. — *Inn á hvert einasta heimili á landinu.*

Og allar saman eigið þið að taka í því saman höndum, með góðum, skynsömum orðum og leiðbeiningum, ráðleggingum og vekjandi ritgerðum. Þá fáið þið allar eitthvað í því við ykkar hæfi. Þá fer ykkur að þykja vænt um það. Þá viljið þið styðja að útbreiðslu þess, útvega því nýja kaupendur — sem borga það skilvíslega. Og þá farið þér að finna til þess í alvöru, að án sérstaks blaðs getum vér konur ekki verið.

Eitt af því marga, sem þér hafið átt að gera, en aldrei hefir þó komist í framkvæmd, er það, að senda Kvennabl. fréttir ofan úr sveitum og kaupstöðum landsins um öll þau mál, sem konur varða. Í hverjum stærri kaupstað og hverri sýslu landsins ættu konur að útvega sér einhverjar konur, sem skrifuðu blaðinu allar þær nýungar, sem þær varðaði. En hversu oft sem Kvbl. hefir skorað á konur að gera það, þá hefir það aldrei verið gert. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefir enn ekki verið unt að fá svo mikið sem glögt yfirlit yfir hvernig konur noti kosningarrétt sinn í sveitamálum, héraða- og sókna. Ekki svo mikið að ritaðar hafi verið fréttir um hvar *konur* hafi verið kosuar í slíkar nefndir, og ættu konur þó að reyna að vita það.

Hvarvetna í heiminum eru konur önnum kafnar af að fá ýmsar lagahætur fyrir sjálfar sig og börn sín. Hjónabandslöggjöfin og barnalöggjöfin er víða eftir undirlagi kvenna og í samráði við þær tekin undir yfirvegun og breytingu af landstjórnum og löggjafarvaldi. Ýms önnur mál, svo sem ellistyrkslög, almenn lífsábyrgðar-

lög og styrktarlög handa mæðrum og ekkjum hafa líka verið tekin af konum til umræðu og »agitationar«. Hér á landi heyrast slíkar lagabætur ekki nefndar á nafn, hvorki af körlum né konum, og væru þær þó merkilegri en sú stórpólitiska rifrildispólitík, sem um langan aldur hefir haldið flestum öðrum nauðsynlegum réttarbótum niðri.

Öll þessi mál þurfa að ræðast ítarlega áður en þau eru tekin til framkvæmda. Í öllum blöðum landsins ættu þau að eiga heima. En sérstaklega ætti fyrst að ræða þau í kvennanna eigin blaði. Þar ættu konur að ræða þau og skýra fyrir sér á hvern hátt mundi heppilegast að fá þeim komið í framkvæmd.

En til þess að gagn verði að slíkum umræðum, verðið þér að hafa gert yður ljóst, hverjir gallar eru á þessum núgildandi lögum og ástandi. Þér eruð fóstrur ungu kynslóðarinnar og á yður hvílir því sú skylda, að gera hvað í yðar valdi stendur til að búa henni bærilega framtíð. Lítið í kringum yður, sjáið hversu margar af sjálfum yður hafa fengið það hlutskifti, að vinna einar að uppeldi barnanna. Lítið á þeirra bognu herðar og lúnu þreyttu vinnuhendur. Er ekki auðið að fá með lögum breytt þessu ástandi? Getum vér ekki allar hjálpast að því, að fá þolanleg lífsskilyrði handa öllum þeim, sem með áhuga og dugnaði vilja vinna fyrir sér og börnum sínum.

Nýtt kvenfélag.

Það nýmæli gerðist hér í vetur, að verkakonur í Reykjavík stofnuðu félag, sem þær kalla: »Verkakvennafélagið Framsókn«. Formaður félagsins er frú Jónína Jónatansdóttir. Lög félagsins voru samþykt 13. des. sl. og má því að líkindum telja þann dag stofndag félagsins, þótt það væri fyrri komið á fót.

Tilgangur félagsins er aðallega að reyna að bæta launakjör félagskvenna. Eru það aðallega verkakonur, sem atvinnu stunda við fiskvinnu, eyrarvinnu o. s. frv. sem í því eru.

Tildrög þessa máls eru þau, að ýmsar af þessum verkakonum hafa komið að máli við konur úr Kvenréttindafélagi Íslands í Reykjavík, og kært fyrir þeim við hve óréttlát kjör þær hafi að búa hjá ýmsum vinnuveitendum. Þær hafi lengri vinnutíma en karlmenn, en ekki hálft kaup á við þá í dagvinnu, og þegar þær nú fyrir $2^1/_2$ ári síðan hófu fyrst máls á þessu, þá kváðust þær ekki hafa nema 15 aura nm klst. í fiskvinnu og eyrarvinnu á daginn víðast hvar, og ekkert hærra fyrir kveld-, nætur- og sunnudagavinnu, þar sem karlmenn hefðu 35 aura í dagvinnu, 40 aura í eftirvinnu og 50—60 í næturvinnu og sunnudagavinnu. Þessu máli var svo hreyft á fundi í K. V. R. F. Frú Jónína talaði þar fyrir því, og var hún síðan ásamt fleirum kosin í nefnd til að rannsaka þetta mál og vita ef eitthvað yrði aðgert til að bæta þessi kjör kvenna. Vorið 1913 var svo haldinn stór fundur með verkakonum og sendi nefnd sú sem kosin hafði verið vinnuveitendum áskorun um hækkun á launum kvenna. Þetta hafði þær afleiðingar, að flestir útgerðarmenn borguðu nú kvenfólki 20 aura í lausavinnu og 25 í kvöld- og sunnudagavinnu.

Í sumar sem leið, hafa ymsir vinnuveitenda lækkað aftur launin ofan í 17 aura í dagvinnu. Í fastri vinnu hefir kvenfólk haft 11 krónur um vikuna og einhverja dálitla aðhlynuingu. Sumstaðar húsnæði og soðningu, en sumstaðar ekki. Eftirvinna og næturvinna hefir líka hjá ýmsum sótt aftur í líkt far, og áður.

En nú, þegar alt er orðið svo dýrt, sem til lífsnauðsynja heyrir, kváðust konur ekki geta lifað á þessu, því mynduðu þær félagið. Launakröfur þeirra eru þessar:

Dagvinna kallist frá kl. 6 árd. til kl. 6 síðd., með tveggja tíma matarhléi. Í fastri vinnu fái þær 12 kr. um vikuna, eða 20

aura um klst., ef þær hafi hin ýmsu hlunnindi, sem þær hafa haft á sumum fiskistöðvunum, en 25 aura annars. Frá kl. 6 síðd. til kl. 10, kallist eftirvinna, og sé kaupið þá 30 aura um klst., en frá kl. 10 síðd. til kl. 6 árd., séu launin 35 aurar, ef unnið er. Sömuleiðis á sunnudögum.

Þegar þessar kröfur eru bornar saman við laun verkamanna og það þeirra, sem vinna jafnvel sömu vinnu og kvenfólkið, að minsta kosti stundum, þá er ekki hægt að segja að verkakonur fari fram á neitt ósanngjarnt. Kröfurnar virðast vera mjög hóflegar, enda hafa ýmsir af vinnuveitendum viðurkent það, og góðfúslega talað um þær. Jafnvel eru sumir þeirra farnir að gjalda kvenfólki sem þeir vilja fá í vinnu, þetta kaup. Líklegt er að flestir þeirra verði fúsir til að láta þessa skilmála gilda.

Félagskonur eru nú orðnar talsvert á annað hundrað og fjölgar þeim altaf, sem ganga í félagið. Enda er það í augum uppi, að því sterkara og fjölmennara, sem félag þeirra er, og því einbeittari og samhentari, sem þær eru, því meiri líkindi eru til að þæi fái sanngjörn launakjör.

Auðvitað eru nú erfiðir tímar fyrir útgerðarmenn að mörgu leyti. En þeir eru ekki síður erfiðir fyrir verkalýðinn, sem ekkert hefir að lifa á, nema vinnu sína, sem mjög er stopul nú, um þessar mundir. Allar vörur, bæði matvörur útlendar og innlendar, kol, olía, húsaleiga og skattar hækka gífurlega, og þeir sem fyrir fáum árum gátu lifað af vinnulaunum sínum, geta það ekki nú, nema þau hækki tiltölulega við allar lífsnauðsynjar þeirra.

Þessar mjög svo sanngjörnu kröfur verkakvenna ættu því að uppfyllast, og það því fremur, sem flestir vinnuveitendurnir játa að þær vinni fyllilega fyrir þessum launum og þeir hafi ekkert út á vinnu þeirra að setja.

En í þessu sem öllu öðru, verða konur að minnast þess að *einungis* í gegnum öruggan og fastan félagsskap og samvinnu er trygging fyrir framförum þeirra og velgengni á öllum sviðum atvinnulífsins. Orðtak félagsskaparins er: »Einn fyrir alla og allir fyrir einn«. Þegar menn fara að skerast úr leik, og fara hver eftir sínu höfði, þá er framsóknin orðin afturför, og engar bætur mögulegar á neinu.

Sjónleikar.

Aldrei hefir leikfélag Reykjavíkur sýnt veigameira leikrit en „Galdra-Loft" Jóhanns Sigurjónssonar. Snillingur hefir skrifað það, djúp speki felst í því og er þó auðskilið — því efni þess er um baráttuna milli hins illa og góða í sál mannsins og öll höfum vér átt þátt í þeirri baráttu.

Loftur er tvítugur lærisveinn í Hólaskóla, sonur ráðsmannsins á staðnum. Hann er óvenjulega gáfaður maður, einn af þeim fáu, sem ekki láta sér nægja skýringar annara, heldur eru knúðir til að hugsa sjálfir.

Hann er fullur af brennandi fróðleiksþrá, og les daga og nætur. „Sálir framliðinna búa í bókum", segir hann, en vísdómur þeirra fullnægir honum ekki, „því meira sem hann les þess minna finst honum hann vita". Öll tilveran finst honum svo dularfull að trúin á galdra verður honum eðlileg — enda er hann að því leyti barn síns tíma. Hann dreymir um að „beizla myrkrið", að ná valdi yfir sálum lifandi og dauðra. Þessi ósk hans er svo brennandi að honum finst að hún hljóti að rætast. „Í upphafi var óskin", segir Loftur, og víkur lítið eitt við orðum biblíunnar.

Hann hefir lofast fátækri stúlku á heimilinu, er Steinunn heitir — hefir hann haldið kunningsskap þeirra leyndum af því hann vissi að faðir sinn mundi ekki verða samþykkur þeim ráðahag. Ást hans er nú farin að kólna, enda var hún ekki annað en ástríða unglings, sem er að verða fullorðinn. — Þegar leiksystir hans, Dísa byskupsdóttir, kemur heim, eftir árs fjarveru, skilur hann að hann elskar hana eina og segir henni það, hún elskar hann líka. Ástin til hennar gjörbreytir honum, og snýr honum frá sjúkum draumórum til lífsins. Æskuvina hans hefir leitt fram barnið í honum. Hann er „brotasilfur" molar af illu og góðu, en hún sér ekki annað en hið góða í honum. — „Þú hefir gert mig heilbrigðan", segir hann. Til eru jurtir sem geta grætt líkamann það hljóta líka að vera til jurtir sem geta grætt sálina. Helgir menn, sem gátu bæði læknað sál og líkama hafa átt þau meðul. En þeir hafa ekki vitað af því, annars hefðu þeir kent öðrum að nota þau. — —

— Hugsaðu þér mann, sem gæti losað vesælan syndara við valdagirni og ótrygð, loga reiðinnar og myrkur hatursins, með því einu að leggja

hendina á höfuðið á honum og gæti kent öðrum það svo það félli aldrei í gleymsku.

— Nú eygi eg furðulegt undur, kærleikurinn getur gert mannshöndina heilaga".

En svo er eftir erfiðasti hjallinn — að segja skilið við Steinnunni.

Snildarlega er þeim báðum lýst í þessu viðtali. Aldrei minnist eg að hafa séð eins skýrt markaðan mismuninn á tilfinningum karls og konu í slíku sambandi.

Steinunn hefir lagt alt í sölurnar fyrir manninn sem hún elskaði, hún hefir einskis krafist og ekki grunað að kossar gætu farið með lygi — henni fundust þeir vera ástarjátning, innilegri en nokkur orð.

En Loftur hefir þó ekki svikið hana vísvitandi, hann *hélt* að hann elskaði hana, en hann hefir aldrei elskað annað en líkama hennar — „spegilmynd í lifandi vatni", sál *hans* var „utan við líkamann". — Þá spyr Steinunn hann með sárri gremju: *„Hvenær hefir þú leitað að minni sál?"* og spurningin endurómar í hjörtum þúsunda kvenna. Steinunn neytir allra ráða til þess að halda Lofti föstum, hún á í vök að verjast, því hún er með barni, þó segir hún honum það ekki fyr en í síðustu lög. Fyrst í stað kennir Loftur í brjósti um hana, en hann finnur að hann getur ekki gefið henni það eina, sem hana vantar og þessvegna yrði hluttekning hans einskis virði og orðin tóm. „Eg vildi óska að þú værir ókunnug manneskja svo eg gæti huggað þig", segir hann.

Steinunn vill tryggja framtíð ófædda barnsins síns, en bænir hennar og æðisgengnar ógnanir eru til einskis — grátur hennar vekur samvizku Lofts og hann herðir hjarta sitt gegn henni og finnur ekki til neinnar ábyrgðar gagnvart barninu, honum finst hann gera skyldu sína ef hann gefi með því. Örðugast finst honum að koma Steinunni burtu án þess að nokkuð beri á, því óskar hann henni dauða.

Hann kveðst hata hana — þá gripur hún til örþrifaráða — hún freistar hans með líkama sínum. Eitt augnabik sigrar hún, en svo nær Loftur sér sftur — og yfirgefur hana.

Þá skilur hún að öll von er úti og að hún getur ekki lifað án hans. Því gat hún ekki elskað hann óeigingjarnt eins og systir, kveinar hún. Ólafur frændi hennar, sem hefir elskað hana frá því hún var barn kemur inn og reynir að hugga hana — en hún heyrir varla hvað hann segir — hún er að skilja við lífið í huga sínum, hún biður Ólaf að skila til Lofts að nú séu öll sárindi horfin úr huga sínum og að hún hafi fyrirgefið honum og gengur svo út til þess að drekkja sér. Þegar þau eru farin kemur Loftur inn. Hann er sem æðisgenginn, og ein brennandi ósk fyllir sál hans, óskin um að Steinunn væri dauð. Hann ákallar hinn illa og heitir honum sál sinni ef hann vilji drepa Steinnuni.

Þriðji þáttur leiksins fer fram í Hólakirkju um nótt. Loftur heldur að ósk sín sé orsök í dauða Steinunnar, og hann er hálfsturlaður af örvæntingu yfir því að hafa glatað sál sinni. Honum finst synd sín stærri en svo að guð geti fyrirgefið hana, hann skilur að í hinni eilífu baráttu milli hins illa og góða verður mannsviljinn að standa einsamall. Hann verður að berjast sjálfur við myrkrið og ná því á sitt vald; geti hann notað það í óeigingjörnum tilgangi til þess að gera gott, þá getur hann ef til vill fengið fyrirgefningu á dauðastundinni. Vitfirringin nær meiri og meiri tökum á honum.

Dísa biður hann að segja sér hvað þjái hann, hvort hann hafi verið trúlofaður Steinunni og hafi svikið hana sín vegna, en Loftur neitar því. Hann biður hana að fara því nú eigi hann að fá stærstu ósk sína uppfylta: að öðlast makt myrkranna. Nú ætlar hann að vekja upp Gottskálk byskup hinn grimma og ná rauðskinnu hans, galdrabókinni römmu.

Dísa getur sér til að einhver voði sé í nánd, hún sér að Loftur er veikur og stendur ráðþrota hjá honum. Þá kemur Ólafur og færir Lofti seinustu orðsendingu Steinunnar og kveður hann vera sök í dauða hennar. Dísa missir trúna á Lofti þegar hún verður þsss[illegible]vör að hann hefir skrökvað að henni. Hann grípur í hana eins og druknandi maður:

„Geturðu ekki elskað mig þótt eg sé syndugur" — en skýjaborgir hennar hafa hrunið, hún fer frá honum til þess að sækja pabba sinn.

Þegar hún er farin grípur vitfyrringin Loft. Sakleysi Dísu var það eina sem gat frelsað hann, þegar hann misti hana hvarf seinasti sólargeislinn úr myrkrinu í sál hans.

Heipt hans bitnar á Ólafi — en Ólafur fyrirgefur honum því hann sér að Loftur er geðveikur. „Þú verður að fyrirfgefa þér sjálfur", segir hann, en Loftur svarar: „Fyrirgefning hins góða er friður, en fyrirgefning hins illa er forherðing", nú vill hann verða sterkur í hinu illa. Hann fleygir Ólafi á dyr — og hefur upp magnaðar særingar.

Allir gömlu byskuparnir rísa upp úr gröfum sínum og áfella hann með röddum samvizkunnar, seinast kemur Gottskálk hinn grimmi með rauðskinnu. Loftur grípur hana en hún verður að engu í höndum hans. Óumræðileg angist skín út úr andliti hans þegar hann sér að hann hefir tapað — og hann dettur niður dauður.

Þetta stutta yfirlit gefur litla hugmynd um Galdra-Loft. Menn þurfa að sjá hann oftar en einu sinni og helzt að lesa hann, því svo má heita að hver setning sé gullkorn. Ekki skil eg

þá menn, sem ekkert sjá nema ljótt í þessu leikriti — því það kennir mönnum það sem fegurst er af öllu — miskunsemi.

Það sýnir oss að myrkrið og ljósið berst um sálir allra manna, enginn er vondur og enginn góður, öll erum vér brotasilfur af illu og góðu.

—

Tvö stærstu hlutverkin, Galdra-Loftur (Jens Waage) og Steinunn (frú Stefanía) voru afbragðs vel leikin. Er það aðdáunarvert að menn, sem hafa öðrum störfum að gegna skuli geta leyst annað eins stórverk af hendi og þessi leikur er — og það svo vel, að jafnast getur á við bestu leikendur annara þjóða. — Bezt þótti mér Loftur leikinn í seinasta þætti en þó allur vel. — List frú Stefaníu nær hástigi sínu í þessum leik, það er ekki leikur, sem við sjáum, heldur líf og veruleiki. Lengi verður okkur Steinunn minnisstæð, þar sem hún sat og grét í örvæntingu sinni.

Við erum stolt af því að okkar litla þjóð skuli eiga aðra eins leikendur.

Dísa er prýðilega leikin í síðasta þætti, en í öðrum þætti nær frk. Emilía ekki tökum á þessu látlausa, lífsglaða barni. Ráðsmaðurinn (Andrés Björnsson) er mjög vel og eðlilega leikinn og Árni Eiríksson sýnir vel Ólaf, þenna heilbrigða góða dreng.

Kyrkjan er ljómandi vel máluð, en áhöld og stórt leiksvið skortir til að gera komu byskupanna áhrifameiri. Þeir sáust alt of vel. Eg saknaði góðlátlega kýmnissvipsins á Steini byskupi, sem við þekkjum frá málverkinu á forngripasafninu. Hann var nærri því eins draugslegur og afturgöngurnar.

L. V.

Bœkur.

Einar Helgason: Bjarkir. Reykjavík 1914.

Þessi bók ætti að komast inn á hvert heimili, því að mál það, er hún ber fyrir brjósti, er óefað eitt af helztu velferðarmálum vorum. Það vakir án efa fyrir svo mörgum af okkur löngun til þess að »klæða landið«, einkum til að gera hlýlegt í kringum heimili okkar, en framtaksleysi og fákunnátta aftrar mörgum frá því að annað verði úr en ráðagerðirnar.

Kvennablaðið ræður hverri húsmóður, sem þykir vænt um bæinn sinn, að lesa þessa bók og fylgja ráðum hennar. Þó töluverð fyrirhöfn fylgi garðrækt og trjárækt, þá fylgir þeim störfum meiri ánægja en flestum öðrum. Sérstaklega hygg eg að konur myndu hafa yndi af garðyrkju, því að það er þeim svo eðlilegt að hlúa að því, sem smátt er og þarf umönnunar, og skapa gróður í kringum sig. — Einnig ættu þær að lofa börnum sínum að hjálpa til í garðinum, því að auk þess, sem það er holl vinna, glæðir hún fegurðartilfinningu barnanna og vekur hjá þeim nærgætni. »Með nýrri sjón yfir hauður og haf | sá horfir, er blómin skilur«, segir skáldið.

»Bjarkir« veita tilsögn í því, hvernig haga skuli skrúðgörðum og hirða þá; einnig eru þar taldar upp allar trjátegundir og helztu blómjurtir, innlendar og útlendar, sem reynsla er fengin fyrir að þrífist geti hér í görðum, og sagt fyrir, hvernig skuli gróðursetja þær og með þær fara.

Allur frágangur bókarinnar er góður og málið einkar lipurt. Svo mikill áhugi og alúð lýsir sér í hverri línu, að óhugsandi er annað en að »Bjarkir« beri góðan árangur.

Eva.

Dálítil auka-atvinna.

(Þýtt).

(Niðurl.).

»En hvers vegna sögðuð þér ekki undir eins að þér vilduð taka þetta að yður? Þá hefði eg ekki þurft að síma til vinnuveitingarstofunnar, og frúin hefði ekki þurft að fara hingað í þessari hellirigningu«.

Hún svaraði, að sér hefði ekki dottið það í hug fyrst í stað, en sér hefði gramist, að hr. Stemann hefði ekki getað unt frk. Hallgren þessarar litlu auka-atvinnu.

En þegar þessi efnaða frú hefði komið fram sem keppinautur — þá hefði hún orðið sár og gröm. Var nokkuð réttlæti í því, að svona konur kæmu og tækju brauðið frá munninum á þeim, sem væru neyddir til þess, að vinna sér inn peninga til þess, að geta lifað?«

»Ja—a!« Hr. Steman brosti og kinkaði kolli, »þannig er það hjá karlmönnunum. Þeir spyrja ekki hverjir þurfi vinnunnar við. Allir, frá öreiganum til miljónamæringsins verða að hafast eitthvað að og reyna að vinna sér eitthvað inn. Fyrst að konurnar eru komnar inn á vinnumarkaðinn verða þær að sætta sig við frjálsa samkepni«.

Elín var orðin föl, varir hennar skulfu, og það komu kippir í kringum augun.

»Það er voðalegt, þetta sem þér segið«, sagði hún. »Eiga þá allar þessar efnuðu frúr, ekkjur og dætur, sem eiga eignir og hafa eftirlaun, eiga þær að koma fram sem keppinautar okkar? Hvað á þá að verða eftir handa okkur, sem *þurfum* að vinna? Þær geta auðvitað alt af boðið vinnu gegn lægri launum, þar sem þær

vinna bara að gamni sínu, en ekki til þess að lifa«.

»Þetta hafa karlmennirnir orðið að sætta sig við, þegar konurnar ruddust inn á vinnumarkaðinn, þá buðu þær vinnu gegn lægri launum, því þær gerðu minni kröfur til lífsins«.

Elín starði á hann, svipur hennar var eins og á hjálpvana vitni, sem lent hefir í klónum á reyndum og útsmognum málaflutningsmanni.

»Æ—já« sagði hún raunalega. »Eg sé að þér hafið rétt að mæla, og að það verður svona að vera, en — mér finst það samt voðalegt«.

»Öll samkepni er erfið«, sagði hr. Steman alvarlega, »en hún hrindir mönnum áfram, gerir þá þroskaðri og duglegri, það eru kostir hennar. Menn verða einungis að gæta sín fyrir *óheiðarlegri samkepni*. Viljið þér lesa þetta bréf?« Hann tók bréf upp úr brjóstvasa sínum og rétti ungu stúlkunni það, og brosti um leið einkennilega.

Hún greip það með skjálfandi fingrum, hana grunaði eitthvað illt. Hún flýtti sér að lesa það. Það var dagsett í maí og var frá fröken Hallgren. Bauðst hún til þess, að taka að sér stöðu Elínar á skrifstofu Stemanns fyrir 40 krónur um mánuðinn. Hún sagðist vita, að hann borgaði núverandi skrifstofuþjónum sínum miklu meira, en með því hún byggi ókeypis heima hjá móður sinni, gæti hún tekið stöðuna að sér gegn minni launum.

»Sjáið þér til«, sagði hr. Steman, þegar hún var búin að lesa bréfið, »þetta bréf fékk eg í vor, rétt á eftir að þér höfðuð útvegað henni hreinskriftina. Yður hefir ekki grunað neitt illt og þér hafið þá líklega sagt henni hreinskilnislega hvað þér fenguð í kaup, og þetta var þá þakklætið fyrir, að þér útveguðuð henni atvinnu. Mér datt þetta bréf undir eins í hug, þegar þér stunguð upp á henni í dag, en af því eg vildi ekki segja frá því — lét eg sem eg hefði horn í síðu hennar, vegna frú Reimer. En þegar unga frúin kvartaði yfir yður og sagði, að þér hefðuð ekki viljað láta hana fá vinnuna, þá hélt eg auðvitað, að þér hefðuð ætlað að fara í kringum mig, og láta frk. Hellgren fá atvinnu. Nú vona eg, að þér kærið yður ekki um, að leggja með henni næsta daginn — haldið þér það?«

Elín stundi og það var raunasvipur á andliti hennar, þegar hún fékk honum bréfið.

«Nei, héðan af ætla eg bara að hugsa um sjálfa mig og reyna að vera alt af á verði. Þetta hefir kent mér gullvæga lífsreglu«.

»Hvaða lífsregla er það?«

»Að hver sé sjálfum sér næstur. Sú hugsun á að gefa okkur styrk til þess, að sigra í samkepninni miklu«.

»Haldið þér það?« sagði hr. Stemann brosandi og hristi höfuðið. »Nei, látið þér ekki þessa slæmu kenningu herða huga yðar. Vinna og verðleikar — þetta tvent er þó það, sem sigrar, þegar öllu er á botninn hvolft«.

Hann rétti höndina kurteislega út nærri eins og hann gerði það í virðingarskyni við ungu stúlkuna, svo gekk hann inn á skrifstofu sína, en hún horfði á eftir honum, hugsandi. — Svipurinn á andliti hennar var nú orðinn kuldalegur, jafnvel strangur. Það var komin hrukka á milli augnabrúnanna, sem ekki hafði verið þar áður. Það var nærri að sjá, eins og hún væri alt í einu orðin tíu árum eldri.

Til útlenzkra kvenna[1]).

Vér þýzku konurnar snúum oss til kvennanna í útlöndum með skýringar og bæn.

Óvinir Þýzkalands reyna að umhverfa myndinni af þýzku þjóðinni í augum hlutlausu landanna. Þeir lýsa Þýzkalandi eins og valdasjúkri ræningjaþjóð, sem brjóti niður öll takmörk, til þess að létta sér ránshernað sinn, sem hún reki á ólöglegan hátt. Þessi rógur særir oss þýzku konurnar djúpt. Vér erum stoltar af þeirri köllun, sem þjóð vor hefir með réttu eignast: Að vera ein af þeim þjóðum, sem bera siðmenninguna áfram um heiminn. Ættjarðarást vor er bundin með sérstakri hlýju við þau friðsömu siðmenningarverk, sem þjóð vor hefir skapað á tugum ára, í rósamri framför í vísindum, listum, iðnaði og ýmsum mannkærleika stofnuuum. Vér mæður, eiginkonur og systur mundum álíta oss meðsekar, ef þýzkir karlmenn hefðu, meðan á stríðinu stóð, syndgað gegn boðorðum siðmenningar og mannúðar. En vér vitum, að eiginmenn vorir, synir, bræður og vinir hætta ekki að vera fulltrúar hinnar þýzku menningar, sem vér öll — karlar og konur — höfum sameiginlega skapað, þótt þeir hætti lífi sínu í þjónustu fyrir föðurlandið.

Enginn, sem þekkir Þýzkaland: lundarfar og menningu alþýðunnar, og hina ströngu löghlýðni, sem hún sýnir, mun trúa því í alvöru, að stríðið kollvarpi öllum þessum undirstöðu-skilyrðum hinnar þýzku menningar, og breyti mönnunum alt í einu frá rótum. Allir, sem þekkja nokkuð til stjórnmálasögu Þýzkalands síðasta áratuginn, hljóta að vita, hversu oft hin alþekta þýzka friðarást hefir afstýrt því, að Norðurálfu ófriður brytist út.

En — meðan fréttirnar um hina ósegjanlegu

1) Fylgirit með bókinni: »Sannleikurinn um stríðið».

grimd, sem hin afvegaleidda belgiska þjóð hefir sýnt hersveitum vorum, meðan þjáningar og kvalir lýðsins í þorpum og borgum vorum í Austur-Prússlandi, sem siðlausir óvinir búa honum, kemur blóðinu til að frjósa í æðum vorum af skelfingu, — þá verðum vér að þola að heyra orðstýr þýzka hersins fótum troðinn af því hersveitir vorar voru neyddar til að taka til þeirra ráða, sem öll útboðsstríð (Franctireurkrig) heimta, sem enginn gat haft meiri óbeit og sorg á en vér, að verða að nota. Vér konur og mæður, sem með stoltum hjörtum blæðandi af sorg, létum eiginmenn vora og syni frá oss í stríðið, vér kunnum að gera mun á því hugrekki, sem horfir rólega móti dauða sínum, og ætíð og alstaðar í heiminum hefir þótt hin mesta sæmd hverrar menningarþjóðar, eða eyðileggingarfýsn siðleysingjanna.

Vér treystum því, að þér konur í öðrum löndum, kunnið að greina þenna mismun. Því biðjum vér yður: Hjálpið sannleikanum til sigurs móti afbökunum og rangfærslum hatursins, ástríðnanna og lyginnar, sem óvinirnir nota gegn oss í pólitík sinni.

Vér efumst ekki um sagan muni á sínum tíma leggja sinn dóm á aðferðir þær, sem mótstöðumenn vorir nota til að villa útlendingum sjónir. En vér trúum því líka að einnig í dag á þessum æsingatímum, sé unt fyrir menn, sem standa á sama menningarstigi að skilja hvorir aðra, og rífa í sundur hinn samvizkulausa lygavef blaðafrétta-snápanna.

Vér erum bundnar við margar yðar með persónulegum vináttuböndum, af sameiginlegum áhuga fyrir störfum friðarins, vinnunnar, lista og siðmenningar, og upp úr þessari samvinnu hefir sprottið traust og tiltrú á báðar hliðar. Yður sllar, sem takið nokkurt mark á orðum vorum biðjum vér: *Látið raust sannleikans þrengja sér í gegnum glundroða haturs og æstra ástriðna.*

(35 undirskriftir þýzkra kvenna).

Til dr. Gertrud Bäumer,

(form. þýzka kvennaráðsins).

Háttvirta frökin!

Eg vildi segja við þýzkar konur það sama, sem mig langar nú til að segja við yður, eftir að hafa lesið bæn yðar og skýringu, sem felst í orðunum: »*Látið raust sannleikans þrengja sér í gegnum glundroða haturs og æstra ástriðna*«.

Þetta vildi eg svo hjartans fegin hjálpa yður til að gera og á þessari stundu, þegar það sýnist ekki muni vera alveg ómögulegt, þá sný eg mér til yðar.

Vér, sem stöndum alveg ástríðulaus á áhorfendasvæðinu, og ekki höfum nokkra ástæðu til að hata hvorugan málsaðilan af þessum bardaga þjóðum — vér vitum meira um sannleikann og getum nú þegar felt óhlutdrægari dóma, en þeir, sem standa í miðri orustusvælunni.

En samt sem áður er það einasta, sem eg hér get fullyrt og sem vér vitum alveg fyrir víst, sá sannleikur, að í þessum ófriði gengur það hugrekki, sem fyrirlítur dauðann, jafnfætis siðlausri eyðileggingarfýsn, og þessi sannleikur gildir jafnt fyrir þýzka herinn, sem fyrir hina. Hvernig ætti það líka vera öðruvísi?

Þér, þýzku konurnar, getið ef til vill ekki skilið þetta enn þá, og þó hafið þér, jafn sannarlega eins og vér, fyrir löngu viðurkent, að siðmenning vor er næsta ófullkomin, og þér hafið barist fyrir kosningarétti kvenna til þess að geta betur unnið með í menningarbaráttunni. Eins og við hin, vissuð þér að á friðartímum eru ungar stúlkur í Þýzkalandi keyptar og seldar, eins og í öllum öðrum löndum, og konur svívirtar, og að lögreglan getur sjaldan gert neitt til að bæta úr þessu ástandi, — jafnvel að oftsinnis er ómöguiegt að finna glæpamennina. Þegar þér svo hugsið lengur um þetta, þá verðið þér að viðurkenna, að meðal hermannanna munu líka vera fleiri tegundir manna, en eiginmenn og synir hámentaðra kvenna og karla. Þar eru líka t. d. þorpararnir frá Berlín, og meðal þeirra margir glæpamenn af ýmsu tagi, sem drýgt hafa marga glæpi, sem enn þá hafa ekki komist upp. Og haldið þér, að þeir, sem jafnvel á friðartímum drýgja allskonar glæpi, og taka það, sem aðrir eiga, muni ekki gera það í stríði, þegar það er svo miklu hægra, að forðast að það komist upp.

Þér talið um hina „ósegjanlegu grimd“ frá hinum „afvegaleiddu Belgjum“ og um siðlausa féndur sem berjist í Austur-Prússlandi og jafnframt furðar yður að hin litla belgiska þjóð talar um *sína* siðlausu féndur, sem herja á land þeirra og hafa flutt ósegjanlegar hörmungar yfir þjóðina.

Trúið mér háttvirta fröken, þegar eg fullvissa yður um að það er ekki alt sannleikur, sem skrifað stendur í litlu bókinni, sem var send frá Berlín til kvenna í útlöndum, og að hún þegir algerlega um margt, sem hefir borið við í Belgíu. Það er líka eðlilegt þegar málið er einungis skýrt frá annari hliðinni.

Þér þýzku konurnar biðjið oss að trúa ekki að yðar eiginmenn og synir geti gert sig seka í grimdarverkum, en þér heimtið að við skulum trúa því um eiginmenn og syni annara þjóða. Og þó eru líka tengd þar saman vináttubönd milli Þýzkalands og kvenna þessara annara landa, sem standa á sama menningarstigi. Er þá hugsanlegt að uppeldi karlmannanna sé allstaðar misheppnað nema í Þýzkalandi?

Er það ekki trúlegra að ýmsir óvandaðir menn, sem vegna landvarnarskyldunnar komast allstaðar